

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

51. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 16. október 2020

kl. 18:00 í fundarsal BS.bs Flugvöllum 29, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.
 - Drög að fjárhagsáætlun lögð fram. **Samþykkt samhljóða.** Slökkviliðsstjóra falið að senda fjárhagsáætlun á sveitarfélögin.
- Staða fjármála.
 - Rekstur samkvæmt áætlun fyrir utan launakostnað sem hefur aukist verulega vegna Covid-19
 - Stjórn veitir slökkviliðsstjóra umboð til að hækka yfirdrátt tímabundið í 100 milljónir vegna loka framkvæmda við nýja slökkvistöð. Einnig er slökkviliðsstjóra og formanni falið að leita fjármögnunar hjá Lánasjóði Sveitarfélaga
- Staða framkvæmda við nýja slökkviliðsstöð.
 - Jón fer yfir stöðu framkvæmda við Flugvelli 29. Líklegt er að við fáum húsnæðið afhent 23. október ef allt gengur upp.
- Heimild til slökkviliðsstjóra til þess að ganga frá samningi við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga í Grindavík.
 - Drög að samningi um sjúkraflutninga í Grindavík lagður fram. Stjórn **samþykkir** drögin og felur slökkviliðsstjóra að ganga frá málinu.
- Heimild til slökkviliðsstjóra til þess að endurnýja núverandi samningi við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga.

Slökkviliðsstjóra falið að ganga til samninga við SÍ um áframhaldandi samning um sjúkraflutninga.

➤ **Skýrsla slökkviliðsstjóra.**

- Eins og mönnum er kunnugt þá hefur engin endurnýjun á sjúkrabílum verið s.l 5 ár en nú hefur orðið breyting til batnaðar og erum við komnir með tvo nýja bíla í notkun.
- Mikill munur er á nýju bílunum frá þeim eldri og erum við t.d í fyrsta skipti með sjúkrabörur sem eru rafknúnar, sem er til mikilla hagræðingar og minnkar álag á starfsmenn.

Námskeið:

- Haldin hafa verið slökkviliðsnámskeið 3 fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn og framundan er annað námskeið, að því loknu eru allir nýliðar búnir að ljúka námskeiði 3.
- Í undirbúningi eru námskeið í sjúkraflutningum og er stefnt að senda nokkra varaliðsmenn á það m.a. nokkra starfsmenn úr Vogunum en það nám á eftir að nýtast í fyrsta útkall þegar um slyss og jafnvel ef um bráðaveikindi er að ræða, með því er fyrsta hjálp kominn mun fyrir á staðinn.

Flutningur í nýja slökkvistöð:

Við höfum verið að undirbúa flutning í nýju slökkvistöðina síðustu vikur og gerum ráð fyrir að flutningur verði í þessum mánuði. Það verður að bíða betri tíma að vera með formlega vígslu og gleði kringum flutninginn, við munum t.d. ekki getað verið með alla starfsmenn til að taka þátt í flutningum einungis þá menn sem verða við vinnu þegar við flytjum vegna Covid-19

6. Önnur mál.

Engi önnur mál.

Fundi slitið kl.